

156. löggjafarþing 2025.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla o.fl.)

Frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast þrjár nýjar orðskýringar, svohljóðandi, og raðast orðskýringar í greininni um leið í rétta stafrófs- og töluröð:

1. *Ritstjórnarefni* er allt það efni sem birtist eða er miðlað af fjölmiðli, nema viðskiptaboð, fjarkaup og annað efni sem miðlað er gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu.
2. *Staðbundinn fjölmiðill* er landshluta-, héraðs-, hverfis- eða bæjarmiðill sem hefur fyrst og fremst staðbundna efnisskírskotun og höfðar aðallega til notenda sem tengsl hafa við útbreiðslusvæði miðilsins.
3. *Einkarekinn fjölmiðill* er fjölmiðill sem er hvorki í heild né að hluta í eigu ríkis, sveitarfélaga, stofnana eða félaga alfarið í þeirra eigu.

2. gr.

Á eftir X. kafla A laganna kemur nýr kafli, X. kafli B, **Stuðningur við einkarekna fjölmiðla**, með sex nýjum greinum, 62. gr. d – 62. gr. i, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (62. gr. d.)

Markmið stuðnings við einkarekna fjölmiðla.

Í því skyni að styrkja lýðræðishlutverk fjölmiðla skal vera til staðar fyrirsjáanlegt stuðningskerfi. Markmið stuðningskerfisins er að styðja og efla ritstjórnir á einkareknum fréttá- og dagskrármíðlum sem gefa út fréttir og fréttatengt efni og/eða fjalla um samfélagsleg málefni með því að veita einkareknum fréttá- og dagskrármíðlum rekstrarstuðning, sbr. 62. gr. g, vegna hluta kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla slíku efni.

b. (62. gr. e.)

Úthlutunarnefnd.

Ráðherra skipar til eins árs þriggja manna úthlutunarnefnd um stuðning við einkarekna fjölmiðla. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Ríkisendurskoðunar og skal sá vera löggiltur endurskoðandi. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna og skal hann uppfylla starfsgengisskyrði héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu og menntun sem nýtist á þessu sviði.

Úthlutunarnefnd setur sér starfsreglur og gefur út skýrslu í lok skipunartímabilsins þar sem fram kemur mat á stuðningskerfinu á tímabilinu.

c. (62. gr. f.)

Umsókn.

Úthlutunarnefnd auglýsir eftir umsóknum um rekstrarstuðning. Umsókn um rekstrarstuðning, ásamt fylgigögnum, skal berast úthlutunarnefnd eigi síðar en 1. september ár hvert. Ef fjölmiðlaveita starfrækir beint eða óbeint fleiri en einn fjölmiðil sem uppfyllir skilyrði 62. gr. g skal umsókn vera sameiginleg vegna þeirra.

Í umsókn skulu koma fram gögn um stuðningshæfan rekstrarkostnað, sbr. 62. gr. h, og skal hann vera sundurliðaður. Skila ber upplýsingum m.a. um meðalfjölda stöðugilda, fjölda verktaka og heildarfjárhæð greiðslna til þeirra vegna miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni fyrir árið á undan. Upplýsingar skulu vera staðfestar af löggiltum endurskoðanda.

Í því skyni að sannreyna stuðningshæfan rekstrarkostnað skv. 62. gr. h getur úthlutunarnefnd óskað eftir viðeigandi upplýsingum frá umsækjanda, til að mynda virðisaukaskattskýrslum og bókhaldi. Séu gögn ófullnægjandi skal úthlutunarnefnd veita umsækjanda frest til að skila inn fullnægjandi gögnum.

Við mat á umsóknum getur úthlutunarnefnd aflað álits sérfróðra aðila um hvort skilyrði 62. gr. g séu uppfyllt.

Fjölmiðlanefnd sér um umsýslu umsókna og veitir úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð eftir nánara samkomulagi. Kostnaður við mat á umsóknum og annarri umsýslu skal greiddur úr ríkissjóði.

d. (62. gr. g.)

Skilyrði fyrir rekstrarstuðningi.

Skilyrði fyrir stuðningi við einkarekinn fjölmiðil eru eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður er stuðningshæfur, sbr. 62. gr. h.
2. Fjölmiðill skal vera skráður eða hafa leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar skv. IV. kafla. Fjölmiðill skal jafnframt hafa starfað með leyfi eða skráningu frá fjölmiðlanefnd óslitið í 12 mánuði eða lengur.
3. Á fjölmiðli skulu starfa a.m.k. þrír starfsmenn í fullu starfi við að afla og miðla efni, en einn starfsmaður hjá staðbundnum fjölmiðli.
4. Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki 20 sinnum á ári en staðbundnir fjölmiðlar 12 sinnum. Netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla nýju efni á virkum dögum í 20 vikur á ári.
5. Fjölmiðlaveita skal hafa staðið skil á árlegri skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar skv. 23. gr. vegna ársins á undan og hafa veitt fjölmiðlanefnd fullnægjandi gögn og upplýsingar um eignarhald fjölmiðlaveitunnar, þ.m.t. gögn um raunverulegan eiganda.
6. Fjölmiðlaveita er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattasektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok næsta árs á undan, og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattskýrslu, til ríkisskattstjóra næstliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða frá því að fjölmiðlaveita hóf starfsemi ef það var síðar.
7. Laun og réttindi starfsmanna á fjölmiðli skulu vera í samræmi við lög og kjarasamninga.

8. Fjölmíðlaveita var ekki í fjárhagserfiðleikum í lok næsta árs á undan, í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálsans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2014 frá 27. júní 2014, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1165/2015 um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um ríkisaðstoð.

Styrkþegi skal skila greinargerð til úthlutunarnefndar um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en sex mánuðum eftir úthlutun styrks. Umsókn um rekstrarstuðning næsta ár verður aðeins tekin til greina hafi styrkþegi þegar staðið skil á framangreindri greinargerð.

- e. (62. gr. h.)

Stuðningshæfur rekstrarkostnaður.

Eftirfarandi kostnaðarliðir falla undir stuðningshæfan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt:

- a. Beinn launakostnaður blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara, umbrotsmanna og prófarkalesara sem fellur til við að afla og miðla fréttum, fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni.
- b. Beinar verktakagreiðslur til aðila skv. a-lið sem falla til við að afla og miðla fréttum, fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni.

- f. (62. gr. i.)

Útreikningur og hámark rekstrarstuðnings.

Rekstrarstuðningur skal að hámarki vera 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði umsækjanda, sbr. 62. gr. h. Stuðningur til hvers umsækjanda getur þó ekki orðið hærri en sem nemur 22% af fjárveitingu til verkefnisins.

Staðbundnir fjölmíðlar utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem efnisskírskotun er staðbundin og höfðar aðallega til notenda sem tengsl hafa við útbreiðslusvæði miðils, hljóta 20% álag á upphæð styrks skv. 1. mgr.

Hafi umsækjandi hlotið styrk frá opinberum aðilum vegna efnis skv. 62. gr. d, sbr. 1. mgr. 62. gr. g, dregst sá styrkur frá þeirri fjárhæð sem telst stuðningshæfur kostnaður skv. 62. gr. h. Þó skal ekki draga stuðning samkvæmt aðgerð í byggðaáætlun stjórnvalda um eflingu fjölmíðlunar í héraði frá þeirri fjárhæð sem telst til endurgreiðsluhæfs kostnaðar.

Fari heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað, að teknu tilliti til takmarkana skv. 1. mgr., umfram fjárveitingu til verkefnisins skerðist stuðningur til allra umsækjenda í jöfnum hlutföllum. Verði heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað lægri en fjárveiting til verkefnisins skiptast afgangsfjármunir milli umsækjenda í réttum hlutföllum við kostnað þeirra. Þannig ræður umfang og fjöldi umsókna um stuðning hvernig stuðningur dreifist endanlega á milli fjölmíðla.

Telji úthlutunarnefnd að fjölmíðill uppfylli skilyrði fyrir rekstrarstuðningi skal hún ákvarða fjárhæð stuðnings en ella skal umsókn hafnað. Berist umsókn um rekstrarstuðning vegna næstliðins árs eftir 1. september skal vísa henni frá. Heimilt er þó að taka umsókn til meðferðar hafi hún borist að þessum fresti liðnum ef gildar ástæður eru fyrir töfinni. Úthlutunarnefnd metur í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Stjórn eða framkvæmdastjóri fjölmiðils skal staðfesta við úthlutunarnefnd að upplýsingar og gögn vegna umsóknar séu í samræmi við ákvæði laga þessara. Berist nefndinni ekki fullnægjandi gögn að loknum veittum fresti eða bendi gögn málsins til þess að kostnaðaruppgjör sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara skal hún hafna beiðni um rekstrarstuðning. Komi í ljós að rekstrarstuðningur við umsækjanda hafi verið of hár er úthlutunarnefnd heimilt að hlutast til um að fyrri ákvörðun verði tekin upp. Við meðferð slíkra mála skal úthlutunarnefnd afla nauðsynlegra gagna og gefa aðilum kost á andmælum áður en ákvörðun er tekin. Leiði endurákvörðun til breytinga á fjárhæð endurgreiðslu til lækkunar skal umsækjandi endurgreiða ríkissjóði mismuninn innan tíu daga frá því að tilkynnt er um ákvörðunina, með vöxtum í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af peningakröfum. Úthlutunarnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu annarra umsókna sama umsækjanda þar til niðurstaða er fengin um hvort til endurákvörðunar kemur. Heimild til endurupptöku samkvæmt þessu ákvæði fellur niður að liðnum fjórum árum frá upphaflegri ákvörðun úthlutunarnefndar.

Ákvarðanir úthlutunarnefndar samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

3. gr.

Ákvæði 4. mgr. 54. gr. laganna verður svohljóðandi:

Persónuvernd hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða 6. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 36. gr. d og er heimilt að beita viðurlögum sé brotið gegn þeim. Um eftirlit og viðurlög fer skv. VII. kafla laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

4. gr.

Við 64. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði X. kafla B falla úr gildi 1. janúar 2026.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í menningar- og viðskiptaráðuneyti, er lagt til að tekinn verði aftur upp í lögina, kafla um stuðning við einkarekna fréttá- og dagskrármiðla vegna kostnaðar sem fellur til við miðlun fréttá og fréttatengds efnis og umfjöllunar um samfélagsleg málefni. Ákvæði X. kafla B fjölmiðlalaga nr. 38/2011 féllu úr gildi síðastliðin áramót. Frumvarp til framlengingar á gildistíma kaflans var í Samráðsgátt stjórnvalda þegar þáverandi ríkisstjórn var slitið frumvarpið var ekki lagt fram af starfsstjórn. Ein breyting er gerð frá fyrri lögum þar sem hlutfall stuðnings til hvers umsækjanda getur samkvæmt frumvarpinu ekki orðið hærra en sem nemur 22% af fjárveitingu til verkefnisins en áður var miðað við 25%.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi, þeir flytja fréttir af málefnum líðandi stundar og eru mikilvægur vettvangur skoðanaskipta um þjóðfélagsleg málefni. Slík umræða og þekking skiptir verulegu máli við töku lýðræðislegra ákvarðana. Það er því mikilvægt fyrir lýðræðisríki að starfandi séu traustir, óháðir og stöðugir fjölmiðlar, þá

sérstaklega á tímum mikillar upplýsingaóreiðu sem aukist hefur með auknum vinsældum samfélagsmiðla. Þá eru fjölmiðlar einnig þýðingarmiklir þegar kemur að því að viðhalda og efla íslenska tungu sem hefur átt undir högg að sækja.

Frumvarpinu er ætlað að taka aftur upp í löginn ákvæði X. kafla B um stuðning til einkarekinna fjölmiðla. Vinna við endurskoðun ákvæða kaflans er þegar hafin og mun frumvarp sem festir í sessi stuðning til einkarekinna fjölmiðla vera lagt fram á haustþingi. Af þeim sökum er gildistími kaflans einungis eitt ár. Var það metið sem svo að vinna við endurskoðun væri ekki komin á það stig að unnt væri að leggja fram frumvarp með endurskoðuðum ákvæðum á vorþingi, en til þess að tryggja stuðning við fjölmiðla á árinu 2025 þykir nauðsynlegt að taka upp ákvæði um stuðning til einkarekinna fjölmiðla sem gilda meðan verið er að ljúka vinnu við endurskoðun stuðningsins.

Þá er í frumvarpinu leiðrétt misritun sem átti sér stað við innleiðingu á tilskipun (ESB) 2018/1808 með frumvarpi til breytinga á lögum um fjölmiðla, sem lagt var fram á 154. löggjafarþingi og samþykkt á Alþingi 12. mars 2024 (innleiðing EES-gerðar, 32. mál).

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Stuðningur til einkarekinna fjölmiðla er veigamikill þáttur í rekstri fjölmiðla, einkum minni fjölmiðla á landsbyggðinni. Starfsemi einkarekinna fjölmiðla er ein meginforsenda þess að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum fréttum og áreiðanlegum upplýsingum. Margt bendir til þess að brottfall styrkjakerfis gæti haft veruleg og neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fjölmiðla, leitt til frekari samdráttar og fækkunar fjölmiðla á markaði og þar með haft skaðleg áhrif á samkeppni og fjölbreytni á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Í lok árs 2016 var ákveðið að setja á laggirnar nefnd til að greina rekstrarumhverfi fjölmiðla hér á landi. Nefndin skilaði skýrslu í janúar 2018 þar sem lagðar voru fram tillögur í sjö liðum um aðgerðir til að bæta rekstrargrundvöll fjölmiðla. Eftir að skýrslan kom út var fjölmiðlanefnd falið að vinna frekar með framkomnar tillögur, greina þær og meta. Í greinargerð fjölmiðlanefndar er meðal annars lagt til að setja skuli á laggirnar endurgreiðslukerfi fyrir framleiðslu á fréttum og fréttatengdu efni. Í greinargerðinni kemur fram að æskilegt sé að skilyrði og skilmálar byggist á norrænum fyrirmyndum en verði aðlöguð að íslenskum aðstæðum. Stefnt skuli að því að styrkjakerfið verði einfalt, fyrirsjáanlegt og eins hlutlaust gagnvart tæknilegri útfærslu og hægt er. Þá kemur fram að styrkveitingar skuli styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna en ekki síður við fjölbreytta flóru smærri miðla. Í því sambandi skuli bæði hafa í huga miðla sem ná til landsins alls og svæðisbundna miðla. Skilyrðin verði þannig til þess fallin að styrkja þá miðla sem beinlínis efla lýðræðið í landinu með fréttatengningu og upplýstri umræðu.

Með frumvarpi þessu er, eins og í fyrri frumvörpum, leitast við að koma til móts við þau sjónarmið sem rakin eru hér að framan. Því er lagt til að einkareknir fjölmiðlar geti, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, fengið stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla fréttum, fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni hér á landi.

Ætla má að áframhaldandi stuðningur hafi jákvæð áhrif á einkarekna fjölmiðla ef litið er til þeirra landa sem fyrirmynd kerfisins er sótt til. Samkvæmt lista yfir fjölmiðlafrelsi í heiminum sem gefinn er út af alþjóðasamtökunum Bládamenn án landamæra skipa Noregur, Danmörk og Svíþjóð efstu sæti listans, í þessari röð. Ísland skipar 18 sæti listans. Á meðal þess sem talið er hafa neikvæð áhrif á frelsi fjölmiðla hér á landi er smæð íslensks fjölmiðlamarkaðar og erfið rekstrarstaða einkarekinna fjölmiðla í alþjóðlegu fjölmiðlaumhverfi. Eins og komið hefur fram hefur stuðningurinn reynst fjölmiðlunum afar

vel, þá sérstaklega minni miðlunum og í sumum tilfellum verið forsenda fyrir því að halda úti rekstri fjölmiðla.

Almennt hefur verið sátt meðal fjölmiðla um styrkjaumhverfið hér á landi. Hafa útgefendur nefnt þess dæmi að rekstrarstuðningurinn sé grundvöllur þess að hægt sé að halda rekstri fjölmiðla gangandi, því kostnaður tengdur t.d. prentun og dreifingu hafi aukist mjög á undanförunum árum. Styrkirnir hafa einnig reynst staðbundnum miðlum sérstaklega vel og verið mikilvægur liður í því að viðhalda rekstri þeirra. Framangreint er í samræmi við það markmið stuðningsins að styrkja og efla ritstjórnir á fréttá- og dagskrármiðlum sem gefa út fréttir og fréttatengt efni og/eða fjalla um samfélagsleg málefni og tryggja aðgengi almennings á öllu landinu að ritstýrðum fjölmiðlum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Markmið frumvarpsins er að styðja með fyrirsjáanlegum hætti við einkarekna fjölmiðla, en fjölmiðlar eru hornsteinn lýðræðis og með stuðningnum er þeim gert betur kleift að sinna hlutverki sínu. Markmið stuðningskerfisins er að styðja og efla ritstjórnir á einkareknum fréttá- og dagskrármiðlum sem gefa út fréttir og fréttatengt efni og/eða fjalla um samfélagsleg málefni með því að veita slíkum miðlum rekstrarstuðning, sbr. 62. gr. g, vegna hluta kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla slíku efni. Gildistími X. kafla B er áætlaður eitt ár. Eins og komið hefur fram þá er gerð sú breyting frá núverandi fyrirkomulagi þar sem hlutfall stuðnings til hvers umsækjanda getur samkvæmt frumvarpinu ekki orðið hærra en sem nemur 22% af fjárveitingu til verkefnisins en áður var miðað við 25%. Í fjölmiðlastefnu danskra stjórnvalda fyrir árin 2023-2026 kemur fram að á tímabilinu er markmiðið að styrkja betur staðbundna fjölmiðla með því að leggja meiri áherslu á stuðning við smærri miðla. Þá verður settur á laggirnar sérstakur styrkjaflokkur fyrir ritstýrð vikublöð til þess að tryggja fréttáútgáfu á öllu landinu. Einnig er stefnt að öðrum styrkjaflokki til handa tímaritum sem innihalda ritstýrðar greinar um samfélagsleg málefni og njóta hvorki rekstrarstuðnings né skattaávilnana sem aðrir fjölmiðlar eiga rétt á. Þá er ráðgert á tímabilinu að vinna að framtíð fjölmiðlastyrkja með því markmiði að styrkir til fjölmiðla verði óháðir því hvernig efni þeirra er miðlað, þ.e. að kerfið verði tækni- og vettvangshlutlaust.

Í Svíþjóð voru gerðar breytingar á styrkjum til fjölmiðla sem tóku gildi í byrjun árs 2024. Markmiðið er að styrkja lýðræði með því að auka aðgengi almennings að vandaðri og óháðri fréttamennsku. Markmiðinu er náð með því að styrkja aðgengi að héraðs- og fréttamiðlum um land allt, en einnig með því að stuðla að fjölbreyttum og vönduðum fréttáflutningi, þ.e. ákveðin krafa er gerð til þess að ritstjórnarefni fjölmiðla sem hljóta styrk endurspeglí gæði og vandaða blaðamennsku en engin viðmið er að finna í lögunum sjálfum um hvað gæti fallið þar undir. Meðal skilyrða sem þarf að uppfylla er að efni fjölmiðils stangist ekki verulega á við ákveðin lýðræðisleg grundvallargildi. Þá er unnið að því að stuðningskerfið verði í auknum mæli óháð tæknilegum dreifileiðum sem fjölmiðlar velja sér.

Í Noregi hafa verið gerðar nokkrar breytingar á styrkjum til fjölmiðla. Má þar meðal annars nefna nýtt skilyrði um að fjölmiðlar sem skila hagnaði yfir ákveðnu marki hljóti ekki styrk. Þá hefur verið sett hámarksþak á þann styrk sem hver fjölmiðill getur fengið.

Sjá má að umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi styrkveitinga til einkarekinna fjölmiðla á Norðurlöndunum, einkum í Svíþjóð. Unnið er að því innan ráðuneytisins að greina hvort þær breytingar sem þar voru gerðar henti íslensku fjölmiðlaumhverfi sem og hvernig þær eigi eftir að reynast í framkvæmd.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið kallar ekki á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá. Tillögurnar fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins). Þær breytingar, þar á meðal endurupptaka á styrkjakerfinu, sem felast í frumvarpinu ber að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) áður en þær koma til framkvæmda. ESA hefur verið upplýst um efni frumvarpsins og verður endanlegs samþykkis stofnunarinnar aflað áður en frumvarpið kemur til framkvæmda. Núgildandi styrkjakerfi var samþykkt af ESA með ákvörðun nr. 206/21/COL sbr. einnig ákvörðun ESA nr. 125/23/COL.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst einkarekna fjölmiðla.

6. Mat á áhrifum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um áframhaldandi stuðning til einkarekinna fjölmiðla. Stuðningur við einkarekna fjölmiðla gerir þeim kleift að halda áfram að miðla fréttum og fréttatengdu efni til neytenda sem og að skapa vettvang fyrir lýðræðislega umræðu. Framangreint stuðlar að því að neytendur hafi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum. Gert er ráð fyrir að kostnaður árið 2025 verði í kringum 500 milljónir kr. en fjárhæð miðast við fjárlög hvers árs. Meðtalinn er kostnaður við úrvinnslu umsókna. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á áætlaðar fjárheimildir á málefnasviði 19 Fjölmiðlun. Í niðurstöðu jafnréttismats um áhrif á jafnrétti kynjanna kemur fram að ekki eru til kyngreind gögn fyrir einkarekna fjölmiðla og í frumvarpinu eru ekki gerðar tiltekna kröfur er varða jafnrétti kynjanna sem forsendur fyrir stuðningi. Ætla má að áframhaldandi stuðningur hafi jákvæð áhrif á einkarekna fjölmiðla ef litið er til þeirra landa sem fyrirmynd kerfisins er sótt til. Samkvæmt lista alþjóðasamtakanna Bláamenn án landamæra yfir fjölmiðlafrelsi í heiminum skipa Noregur, Danmörk og Svíþjóð efstu sæti listans, í þessari röð. Ísland skipar 18. sæti listans. Á meðal þess sem talið er hafa neikvæð áhrif á frelsi fjölmiðla hér á landi er smæð íslensks fjölmiðlamarkaðar og erfið rekstrarstaða einkarekinna fjölmiðla í alþjóðlegu fjölmiðlaumhverfi. Eins og komið hefur fram hefur stuðningurinn reynst fjölmiðlunum afar vel, þá sérstaklega minni miðlunum og í sumum tilfellum verið forsenda fyrir því að halda úti rekstri fjölmiðla.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á helstu hugtökum sem hafa sérstaka þýðingu við beitingu ákvæða kafla laganna, X. kafla B.

Í 13. tölul. 2. gr. laganna er fjölmiðill skilgreindur sem hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Skv. 2. málslíð tölulíðarins teljast til fjölmiðla meðal annars dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.

Í frumvarpinu er einkarekinn fjölmiðill skilgreindur sem fjölmiðill sem er hvorki í heild né að hluta í eigu ríkis, sveitarfélaga, stofnana eða félaga alfarið í þeirra eigu. Nauðsynlegt er að skilgreina hugtakið sérstaklega enda einskorðast stuðningur samkvæmt frumvarpinu við einkarekna fjölmiðla. Í þessu felst meðal annars að ákvæði X. kafla B taka ekki til Ríkisútvarpsins, fjölmiðils í almannabágu, sbr. lög nr. 23/2013. Ef eignarhlutur ríkis eða sveitarfélaga í fjölmiðli er í gegnum félag er gerður áskilnaður um að félagið sé ekki að öllu

leyti í þeirra eigu. Einnig er áskilið að smár eignarhlutur opinbers aðila verði ekki svo stór að opinberi aðilinn öðlist yfirráð yfir félaginu.

Hugtakið ritstjórnarefni er skilgreint í frumvarpinu sem allt það efni sem birtist eða miðlað er af fjölmiðli, nema viðskiptaboð, fjarkaup og annað efni, t.d. skoðanaauglýsingar, sem miðlað er gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Hugtökin fjarkaup og viðskiptaboð eru skilgreind í 2. gr. laganna. Af þeim skilgreiningum leiðir að ritstjórnarefni er allt það efni sem birtist eða miðlað er af fjölmiðli nema það efni sem vísað er til í skilgreiningum um fjarkaup og viðskiptaboð. Hér er fyrst og fremst um að ræða auglýsingar, kostun, vöruinnsetningar og fjarkaup sem falla því ekki undir hugtakið ritstjórnarefni.

Með hugtakinu staðbundinn fjölmiðill er átt við landshluta-, héraðs-, hverfis- eða bæjarmiðil sem hefur fyrst og fremst staðbundna efnisskírskotun og höfðar aðallega til notenda sem tengsl hafa við útbreiðslusvæði miðilsins. Á Íslandi eru starfræktir allmargir fjölmiðlar sem flokka má sem staðbundna eða svæðisbundna, þ.e. miðla aðallega efni frá og um afmarkað landsvæði. Algengt er að um sé að ræða prentmiðla sem halda samhliða úti fréttavef á netinu. Slík svæðisbundin miðlun fréttu og upplýsinga er mikilvæg fyrir svæðin sem þau þjóna. Þannig eru staðbundnir fjölmiðlar í senn vettvangur fyrir opna lýðræðislega umræðu, skoðanaskipti og gagnrýni auk þess sem þeir gegna þýðingarmiklu hlutverki sem upplýsingaveita um fólk, atburði og málefni. Þá eru slíkir miðlar mikilvægur hlekkur í að efla staðar- og nærvitund og stuðla þannig að aukinni samheldni íbúa. Hugtakið hefur einkum þýðingu varðandi skilyrði fyrir rekstrarstuðningi og undanþágu frá þeim, sbr. d-lið frumvarpsins (62. gr. g), líkt og nánar verður rakið í skýringum við þá grein frumvarpsins.

Engin breyting er gerð á skilgreiningu hugtakanna með frumvarpi þessu, einungis er verið að taka skilgreiningarnar upp í lögum á ný.

Um 2. gr.

Um a-lið (62. gr. d).

Markmið frumvarpsins er að styðja við og efla útgáfu á fréttum, fréttatengdu efni og umfangllun um samfélagsleg málefni. Til að ná því markmiði er gert ráð fyrir að heimilt sé að endurgreiða einkareknum fjölmiðlum hluta þess kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla slíku efni. Líkt og áður hefur verið rakið gegna einkareknir fjölmiðlar mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélagi. Gert er ráð fyrir því að stuðningur til þeirra verði til þess fallinn að styrkja lýðræði í landinu og hann skili sér í vönduðum fréttatengningi og upplýstri umræðu. Sú leið að endurgreiða einkareknum fjölmiðlum hluta þess kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla fréttum, fréttatengdu efni o.fl. er ekki aðeins hugsuð sem stuðningur við stærri fjölmiðla með sterkar ritstjórnir heldur jafnframt sem stuðningur við smærri miðla, þ.m.t. staðbundna fjölmiðla sem gegna mikilvægu menningar- og lýðræðishlutverki í smærri byggðum. Markmiðsákvæðinu er ætlað að undirstrika mikilvægi fjölmiðla fyrir lýðræðissamfélag ásamt því að vísa til þess að stuðningskerfið skuli vera fyrirsjáanlegt. Markmiðsákvæði kaflans er nátegt markmiðsákvæði laganna en öflugt stuðningskerfi er einn þáttur í að tryggja fjölraði á markaðinum. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til Noregs.

Um b-lið (62. gr. e).

Með lögum nr. 53/2023 var gerð breyting á hvernig skipað er í úthlutunarnefnd. Sú breyting sem mælt var fyrir um þar er tekin upp hér. Hæstiréttur Íslands tilnefndir einn nefndarmann, einn verði tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins og sá þriðji af Ríkisendurskoðun, þá skal formaður nefndarinnar uppfylla starfsgegngisskilyrði héraðsdómara.

Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði.

Um c-lið (62. gr. f).

Í 1. mgr. segir að úthlutunarnefnd auglýsi eftir umsóknum um rekstrarstuðning. Fram kemur einnig að umsókn ásamt fylgigögnum skuli berast eigi síðar en 1. september ár hvert. Dagsetningu umsóknarfrests má rekja til þess að gerðar voru athugasemdir við að umsóknarferlið og fresturinn var í upphafi um mitt sumar sem þykir óheppilegur tími með tilliti til sumarleyfa. Við ákvörðun dagsetningarinnar var tekið mið af þeirri forsendu fyrir stuðningi að fjölmiðill hafi staðið skil á árlegri skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar skv. 23. gr. laga um fjölmiðla, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 62. gr. g laganna. Skv. 23. gr. laganna skal framangreindri skýrslu skilað eigi síðar en 31. mars ár hvert. Af framangreindu leiðir að umsóknarfrestur getur ekki verið fyrir þá dagsetningu. Þá var einnig tekið mið af reglugerð nr. 664/2008, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, en samkvæmt henni skal félag sem skylt er að semja ársreikning samkvæmt lögum nr. [3/2006](#) senda ársreikningaskrá ársreikninginn eigi síðar en mánuði eftir samþykkt hans, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Ekki eru sett tímamörk um þann frest sem úthlutunarnefnd hefur til að taka ákvörðun um rekstrarstuðning en nefndin er bundin af málshraðareglu stjórnarsýslulaga. Gert er ráð fyrir að allar umsóknir verði afgreiddar í einu lagi, líkt og hefur verið undanfarin ár.

Kveðið er á um að ef fjölmiðlaveita starfrækir fleiri en einn fjölmiðil sem uppfyllir skilyrði 62. gr. g skuli umsókn um rekstrarstuðning vera sameiginleg vegna þeirra. Upplýsingar um stuðningshæfan rekstrarkostnað skulu vera sundurliðaðar og skal gera ráð fyrir að í umsókn skuli meðal annars koma fram heiti þeirra fjölmiðla sem umsóknin tekur til, upplýsingar um stuðningshæfan rekstrarkostnað og fjölda starfsmanna á ritstjórn hvers og eins fjölmiðils.

Skv. 2. mgr. skulu fylgja með umsókn gögn um stuðningshæfan rekstrarkostnað fjölmiðils á síðastliðnu ári, sbr. 62. gr. h. Þá kemur fram að endurgreiðsluhæfur kostnaður skuli vera sundurliðaður. Um skýringar á þessu ákvæði vísast að öðru leyti til skýringa við 62. gr. h.

Í 3. mgr. er lagt til að úthlutunarnefnd geti, í því skyni að sannreyna stuðningshæfan rekstrarkostnað, kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá fjölmiðli.

Þá getur nefndin samkvæmt 4. mgr. aflað álits sérfróðra einstaklinga, sem dæmi getur nefndin aflað álits skattyfirvalda, sérfræðinga innan Stjórnarráðs Íslands eða annarra aðila. Tilvik sem gætu fallið hér undir væru t.d. ef reikningar væru óskýrir, ákveðinn kostnaðarliður hærri en almennt telst eðlilegt eða vafi léki á hvort skilyrði 62. gr. g væru uppfyllt o.s.frv.

Í 5. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlanefnd skuli sjá um umsýslu umsókna og geti einnig veitt úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð sé þess þörf. Jafnframt er tekið fram að kostnaður við mat á umsóknum og annarri umsýslu við endurgreiðslur skuli greiddur úr ríkissjóði, nánar tiltekið af fjárveitingum málaflokksins, sbr. lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. [3/2003](#), og lög um listamannalaun, nr. [57/2009](#), og eftir atvikum lög um opinber fjármál, nr. [123/2015](#).

Um d-lið (62. gr. g).

Í greininni eru talin upp þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að einkarekinn fjölmiðill geti fengið rekstrarstuðning. Skilyrðin þurfa öll að vera uppfyllt og eru ófrávíkjanleg.

Í 1. tölul. er gert að skilyrði að um sé að ræða stuðningshæfan rekstrarkostnað, sbr. 62. gr. h.

Í 2. tölul. er gerð sú krafa að fjölmiðill sé skráður eða hafi leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar skv. IV. kafla laganna. Skv. 2. mgr. 10. gr. laganna annast fjölmiðlanefnd meðal annars eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og skal tryggja að lögboðnar upplýsingar um alla veitendur fjölmiðlaþjónustu séu til staðar. Þá skal fjölmiðlanefnd fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að öðru leyti að fyrirmælum laganna

og beita viðurlögum ef við á. Þá er það einnig gert að skilyrði að fjölmiðill hafi starfað með leyfi frá fjölmiðlanefnd, sbr. 17. gr. laganna, eða skráningu, sbr. 14. gr. laganna, óslitið í 12 mánuði eða lengur fyrir þann tíma er umsókn berst til úthlutunarnefndar. Þetta skilyrði er að norski fyrirmynd. Áskilnaður í þessa veru er nauðsynlegur enda ekki unnt að meta hvort öll skilyrði fyrir rekstrarstuðningi séu uppfyllt fyrr en reynsla er komin á starfsemi fjölmiðils.

Í 3. tölul. er það skilyrði sett að á fjölmiðli skuli starfa a.m.k. þrír starfsmenn í fullu starfi við að afla og miðla efni en einn starfsmaður hjá staðbundnum fjölmiðlum. Þetta skilyrði er að danski fyrirmynd. Rétt þykir að hafa áskilnað um lágmarksfjölda starfsmanna á ritstjórn fjölmiðils en viðmiðin eru ekki þau sömu varðandi staðbundna fjölmiðla og aðra einkarekna fjölmiðla. Varðandi þá síðarnefndu verður að telja eðlilegt að gera þá kröfu að fjölmiðlar hafi náð ákveðinni stærð til að hafa bolmagn til að sinna því lýðræðishlutverki sem er forsenda fyrir rekstrarstuðningi samkvæmt frumvarpinu. Því er miðað við að a.m.k. þrír starfsmenn séu í fullu starfi hjá fjölmiðli til þess að hann geti notið rekstrarstuðnings. Ekki er ástæða til að gera sömu kröfur varðandi staðbundnu miðlana sem eru gjarnan með fámennar ritstjórnir en sinna þó mikilvægu hlutverki í heimabyggð. Í tilviki staðbundnu fjölmiðlanna er því aðeins gerður áskilnaður um að einn starfsmaður sé þar í fullu starfi við öflun og miðlun efnis.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir lágmarksútgáfutíðni fyrir prentmiðla auk lágmarksmiðlunar fyrir netmiðla, hljóð- og myndmiðla og annarra sambærilegra miðla.

Í 5. tölul. er gert að skilyrði að fjölmiðill hafi staðið skil á árlegri skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar vegna næstliðins árs skv. 23. gr. laganna og hafi veitt fjölmiðlanefnd fullnægjandi gögn og upplýsingar um eignarhald og/eða yferráð fjölmiðils skv. 17. gr. laganna. Að auki er gert ráð fyrir að fjölmiðlanefnd geti krafist gagna um raunverulegan eiganda eða eigendur og yferráð og er í því samhengi vitnað til skilgreininga þar að lútandi í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. [140/2018](#).

Líkt og áður er rakið skal fjölmiðlaveita láta fjölmiðlanefnd í té skýrslu eigi síðar en 31. mars ár hvert vegna næstliðins árs en sú tímasetning er sú sama og umsóknarfrestur skv. 1. mgr. 62. gr. f. Rétt er að taka fram að skv. 2. mgr. 23. gr. laganna eru fjölmiðlaveitur með skammtímaleyfi skv. 2. mgr. 16. gr. undanþegnar skýrslugjöf til nefndarinnar. Í 4. mgr. 17. gr. laganna er jafnframt kveðið á um að skylt sé að veita fjölmiðlanefnd öll gögn og upplýsingar svo að rekja megi eignarhald og/eða yferráð til einstaklinga, almennra félaga, opinberra aðila og/eða þeirra sem veita þjónustu fyrir opinbera aðila og getur fjölmiðlanefnd hvenær sem er krafist þess að framangreindar upplýsingar verði veittar. Ef fjölmiðill vanrækir að láta fjölmiðlanefnd í té skýrslu skv. 23. gr. eða veitir fjölmiðlanefnd ekki fullnægjandi upplýsingar skv. 4. mgr. 17. gr. skal umsókn hafnað. Fjölmiðlanefnd leggur mat á hvaða upplýsingar teljast fullnægjandi í þessu sambandi. Strangt mat skal vera á þessu atriði, enda er æskilegt að gerðar séu ríkar kröfur til gagnsæis á eignarhaldi þeirra fjölmiðla sem sækja um rekstrarstuðning úr ríkissjóði. Nauðsynlegt er að hafið sé yfir allan vafa hver sé raunverulegur eigandi fjölmiðilsins. Fjölmiðli ber að veita fjölmiðlanefnd þær upplýsingar um eignarhald miðilsins sem nefndin óskar, svo sem með framlagningu kaupsamninga um hlutafé, hluthafasamkomulags, lánasamninga og annarra gagna sem varpað geta ljósi á raunverulegt eignarhald fjölmiðils.

Í 6. tölul. er gerð sú krafa að fjölmiðill sé ekki í vanskilum vegna opinberra gjalda. Gerð er krafa um að sýnt sé fram á slíkt með staðfestingu á skuldastöðu við opinbera aðila þegar umsókn er send til fjölmiðlanefndar.

Í 7. tölul. er gerð krafa um að laun og réttindi starfsmanna á fjölmiðli séu í samræmi við lög og kjarasamninga.

Í 8. tölul. er gerð sú krafa að fjölmiðlaveita hafi ekki verið í fjárhagserfiðleikum í lok undanfarins árs, sbr. almenna hópundanþágu (GBER) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014.

Í 2. mgr. er vikið að þeirri kröfu um að styrkþegar skuli skila inn greinargerð til úthlutunarnefndar um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en sex mánuðum eftir úthlutun styrks og að umsókn um rekstrarstuðning næsta ár verði aðeins tekin til greina hafi styrkþegi staðið skil á framangreindri greinargerð. Tilurð málgreinarinnar má rekja til þeirrar kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA að ríki meti áhrif ríkisstyrkja, m.a. hvort styrkurinn sé notaður í það sem honum er ætlað að styrkja og hvort samkeppni sé raskað. Þessar upplýsingar nýtast ríkinu til að meta stuðningskerfið með reglubundnum hætti.

Um e-lið (62. gr. h).

Í greininni er fjallað um stuðningshæfan rekstrarkostnað samkvæmt frumvarpinu. Lagt er til að áfram verði einungis heimilt að reikna stuðningsfjárhæðina af ákveðnum skilgreindum kostnaðarliðum sem sannanlega falla undir ákvæðið. Það er almennt skilyrði að um sé að ræða útgjöld sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Hliðstætt skilyrði kemur til að mynda fram í lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Í a-lið er lagt til að beinn launakostnaður einkarekinna fjölmiðla vegna öflunar og miðlunar á efni falli undir stuðningshæfan kostnað. Hugtakið launakostnaður tekur hvort tveggja til launa og launatengdra gjalda. Um er að ræða heildarlaun fjölmiðils til nánar tilgreindra starfsmanna á ritstjórnnum, þ.e. blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara, vegna öflunar og miðlunar á efni. Um tæmandi talningu er að ræða. Í því felst að launakostnaður til annarra en þeirra sem tilgreindir eru sérstaklega í greininni fellur utan stuðningshæfs rekstrarkostnaðar í skilningi ákvæðisins. Sem dæmi má nefna að vinna starfsmanna við almenna stjórnun fjölmiðils, auglýsinga- eða kynningarmál eða dreifingu og sölu fellur ekki undir endurgreiðsluhæfan kostnað. Einnig fellur utan ákvæðisins vinna upptökustjóra, myndstjórnar- og myndvinnslufólks og forritara. Hið sama á við prentkostnað og annan hliðstæðan kostnað.

Á sama hátt og í a-lið er í b-lið greinarinnar lagt til að beinn kostnaður fjölmiðla vegna vinnu verktaka við að afla og miðla efni falli undir þann kostnað sem telst stuðningshæfur. Um er að ræða aðkeypta vinnu frá verktökum sem fellur undir þá verkþætti sem getið er um í a-lið, þ.e. vinna sjálfstætt starfandi blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara. Frádráttarbær virðisaukaskattur, innskattur, sbr. 15. gr. og 16. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. [50/1988](#), telst ekki til stuðningshæfs kostnaðar samkvæmt frumvarpi þessu.

Umsækjanda ber að sýna fram á að launa- og verktakagreiðslur hafi verið greiddar. Þá er rétt að taka sérstaklega fram að umsækjandi getur vitaskuld ekki fengið rekstrarstuðning oftast en einu sinni vegna vinnu sama starfsmanns. Dæmi um þetta er t.d. blaðamaður sem þiggur laun frá umsækjanda sem starfrækir fleiri en einn fjölmiðil og ritar fréttir bæði í prent- og netmiðil eða ljósmyndari í sömu stöðu sem tekur ljósmyndir sem birtar eru í prent- og netútgáfu viðkomandi fjölmiðils.

Um f-lið (62. gr. i).

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að heimilað verði að veita stuðning úr ríkissjóði til fjölmiðils að hámarki 25% af beinum launakostnaði og verktakagreiðslum, sbr. 62. gr. h, sem fellur til við að afla og miðla efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni, en þó ekki hærrí en 22% af þeirri fjárveitingu sem fer til verkefnisins. Ákvæði þetta er að danskri fyrirmynd. Sambærileg viðmið um hlutfall af kostnaði er einnig að finna í lögum um tímabundnar

endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist og lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Ein breyting er gerð frá núgildandi fyrirkomulagi en seinni hlutfallstalan hefur verið lækkuð úr 25% í 22%. Markmið breytingarinnar er að stuðla að jafnari dreifingu stuðningsins á milli umsækjenda og að færa fyrirkomulagið nær þeirri þróun sem er að eiga sér stað á hinum Norðurlöndunum. Í fyrsta frumvarpi sem mældi fyrir um stuðning við einkarekna fjölmiðla og lagt var fram á 149. löggjafarþingi var gert ráð fyrir að þakið væri 50 milljónir, þegar frumvarpið var lagt fram að nýju á 150. löggjafarþingi hafði fyrri hlutfallstalan verið færð niður í 18% og seinna þakið enn 50 milljónir. Af framangreindu má sjá að ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þaki stuðnings á milli frumvarpa í gegnum tíðina Þá er með umræddri breytingu stigið fyrsta skrefið í endurskoðun á fyrirkomulagi stuðningsins.

Ákvæði 2. mgr. var sett inn af meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar í meðförum þingsins við frumvarp það er varð að lögum nr. 53/2023 og framlengdi gildistíma stuðningsins. Forsaga ákvæðisins er rakin í minnisblaði ráðuneytisins til allsherjar- og menntamálanefndar vegna 543. máls. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Hins vegar vill ráðuneytið einnig vekja athygli á álitum meiri hluta fjárlaganefndar frá 14. desember sl. þar sem samþykkt var að veita tímabundið 100 milljóna kr. framlag „til reksturs fjölmiðla á landsbyggðinni sem framleiða eigið efni fyrir sjónvarpsstöð. Í ljósi umræðu í fjölmiðlum beinir meiri hlutinn því til ráðherra að endurskoða þær reglur sem gilda um rekstrarstuðning við einkarekna fjölmiðla á landsbyggðinni þannig að aukið tillit verði tekið til þeirra sem framleiða efni fyrir sjónvarp.“ Af lestri textans má ráða að ætlun nefndarinnar hafi verið að beina því til menningarráðherra að endurskoða reglur um styrki til staðbundinna fjölmiðla með það að markmiði að aukið tillit væri tekið til þeirra fjölmiðla sem framleiða efni fyrir sjónvarp. Hingað til hefur enginn fjölmiðill sem miðlar efni í sjónvarpi fallið undir skilgreiningu á staðbundnum fjölmiðli í skilningi laga nr. 38/2011 um fjölmiðla og reglna nr. 1265/2022 um styrkveitingar til staðbundinna fjölmiðla. Ákveðinn forsendubrestur er fyrir því að unnt verði að framfylgja þeim tilmælum sem fram komu í álitum meiri hluta fjárlaganefndar frá 14. desember sl. Af þeim sökum leggur ráðuneytið til leið sem fellur vel að því markmiði að styrkja frekar staðbundna fjölmiðla og lýðræðislega umræðu á landsbyggðinni. Útfærslan er einnig í samræmi við þróun sem á sér stað á Norðurlöndunum, þá helst Noregi og Danmörku, en í þeim löndum er aukin áhersla á að styrkja staðbundna fjölmiðla og að hærri hlutfall renni til þeirra heldur en til almennra miðla. Í framkvæmd yrði það þannig að 100 m.kr. rynnu í almenna styrki til einkarekinna fjölmiðla, heildarupphæð styrkja yrði því í kringum 480 milljónir kr. í stað 380 milljónir kr. Í þeim kafla fjölmiðlalaga er fjallar um styrki til einkarekinna fjölmiðla kæmi nýtt ákvæði sem mælir fyrir um að staðbundnir miðlar hljóti a.m.k. 20% landsbyggðarálag ofan á þá fjárhæð sem þeir annars fengju úthlutað. Það sem eftir stendur af 100 m.kr. hverju sinni renni síðan til almennu miðlana.“ Þrátt fyrir að tímabundna fjármagnið hafi verið einskíptis (aðeins fyrir úthlutun ársins 2023) var tekin sú ákvörðun að álag sem staðbundnir miðlar hlýtu myndi haldast við úthlutun árið 2024.. Rökin fyrir því eru m.a. þau að þróunin á Norðurlöndum er í þá átt að huga sérstaklega að staðbundnum miðlum, með því að tryggja fréttaútgáfu á öllu landinu. Þá hefur í umsögnum staðbundinna fjölmiðla komið fram hversu mikilvægur stuðningurinn er fyrir minni fjölmiðla á landsbyggðinni og í einhverjum tilfellum hefur hann stuðlað að því að sumir miðlanna hafi náð að forðast gjaldþrot en einnig veitt einhverjum þeirra svigrúm til að vinna í fleiri tekjuleiðum til að styrkja rekstrargrundvöllinn til framtíðar, líkt og með sölu áskrifta. Lagt er til að ákvæðið haldist óbreytt enda er í gangi vinna við endurskoðun

stuðningskerfisins þar sem lagt verður mat á hvort leggja eigi til varanlegt aukaálag til staðbundinna miðla.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem kom inn nýtt með lögum nr. 53/2023. Þar segir að hafi styrkþegi hlotið styrk frá opinberum aðilum vegna efnis skv. 62. gr. d, sbr. 1. mgr. 62. gr. g, dragist sá styrkur frá þeirri fjárhæð sem telst stuðningshæfur kostnaður, en undantekning er gerð vegna styrkja samkvæmt byggðaáætlun. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir að hið opinbera greiði styrki vegna sama efnis oftar en einu sinni. Gildissvið greinarinnar er bundið við opinbera aðila. Hefðbundinn skilningur er lagður í hugtakið opinber aðili en undir það falla bæði ríki og sveitarfélög. Styrkir frá einkasjóðum eða einkaaðilum dragast því ekki frá þeirri fjárhæð sem telst endurgreiðsluhæfur kostnaður.

Fram kemur í 4. mgr. að sé heildarfjárhæð samþykktra umsókna um rekstrarstuðning, að teknu tilliti til takmarkana skv. 1. mgr., umfram fjárveitingar til verkefnisins skerðist stuðningur til allra umsækjenda í jöfnum hlutföllum. Sé heildarfjárhæð samþykktra umsókna um rekstrarstuðning hins vegar lægri en fjárveitingar til verkefnisins skiptast þeir fjármunir sem til úthlutunar eru milli umsækjenda í réttum hlutföllum við kostnað þeirra. Þannig ræður umfang og fjöldi umsókna hvernig stuðningur dreifist milli fjölmiðla.

Í 5. mgr. kemur fram að ef úthlutunarnefnd telur umsókn uppfylla skilyrði fyrir rekstrarstuðningi skuli hún ákvarða fjárhæð stuðnings en ella skuli umsókn hafnað. Fjárhæðin getur verið lægri en sú sem sótt er um ef nefndin fellst ekki á alla kostnaðarliði. Teljist skilyrði ekki uppfyllt skal umsókn hafnað. Við ákvörðun um fjárhæð rekstrarstuðnings skal meðal annars litið til launakostnaðar starfsmanna, fjölda starfsmanna og verktakagreiðslna vegna miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni á ritstjórnnum vegna síðastliðins árs og fjölbreytileika fjölmiðils. Berist umsókn um rekstrarstuðning vegna næstliðins árs eftir 31. mars skal vísa henni frá. Sú undantekning skal þó vera frá þeirri meginreglu að ef umsækjandi færir gildar ástæður fyrir töfunum geti nefndin tekið umsókn hans til afgreiðslu. Nefndin metur það í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi en um strangt mat er að ræða samkvæmt þessari málsgrein.

Í 6. mgr. ákvæðisins kemur fram að stjórn eða framkvæmdastjóri fjölmiðils skuli staðfesta að upplýsingar og gögn vegna umsókna séu í samræmi við ákvæði laganna.

Þá segir í 6. mgr. að í því skyni að sannreyna stuðningshæfan rekstrarkostnað skv. 62. gr. h geti nefndin óskað eftir viðeigandi upplýsingum frá umsækjanda. Þá kemur fram að séu gögn um stuðningshæfan rekstrarkostnað skv. 62. gr. h ófullnægjandi skuli nefndin veita umsækjanda frest til að skila inn fullnægjandi gögnum. Berist nefndinni ekki fullnægjandi gögn að loknum veittum fresti eða bendi gögn málsins til þess að kostnaðaruppgjör sé ekki í samræmi við ákvæði frumvarpsins skal hún hafna beiðni um rekstrarstuðning. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um heimild úthlutunarnefndar til endurupptöku ákvörðunar um stuðningshæfan rekstrarkostnað ef í ljós kemur að rekstrarstuðningur til umsækjanda var of hár. Þetta gæti gerst hvort sem er vegna villu sem upp getur komið í forsendum útreiknings eða vegna orsaka sem rekja má til umsækjanda. Gert er ráð fyrir að úthlutunarnefnd annist undirbúning og framkvæmd vegna endurákvörðunar. Í því skyni skal nefndin afla nauðsynlegra gagna og gefa aðilum kost á að koma sínum sjónarmiðum að áður en ákvörðun verður tekin. Leiði endurákvörðun til lækkunar skal umsækjandi skila þeirri fjárhæð sem umfram er í ríkissjóð innan tíu daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina. Hæfilegt er talið að heimild til endurupptöku við áðstæður sem þessar standi í fjögur ár frá upphaflegri ákvörðun úthlutunarnefndar.

Í 7. mgr. er kveðið á um að ákvarðanir úthlutunarnefndar samkvæmt frumvarpinu feli í sér endanlega afgreiðslu máls á stjórnslustigi og sæti ákvarðanir nefndarinnar þar af leiðandi ekki kæru til ráðherra.

Um 3. gr.

Í 14. gr. frumvarps til breytinga á lögum um fjölmiðla, sem lagt var fram á 154. löggjafarþingi og samþykkt á Alþingi 12. mars 2024 (innleiðing EES-gerðar, 32. mál), var mælt fyrir um þrjár nýjar málsgreinar við 28. gr. laganna. Af því leiddi að til varð ný 6. mgr. 28. gr. svohljóðandi:

„Persónuupplýsingar barna, sem safnað er eða verða til við vinnslu fjölmiðlaveitna skv. 1.-3. mgr., er óheimilt að vinna í viðskiptalegum tilgangi, svo sem í tengslum við beina markaðssetningu, gerð og notkun persónusniðs og einstaklingsmiðaðar auglýsingar.“

Í frumvarpinu var einnig í e-lið 26. gr. mælt fyrir um breytingu á 54. gr. laganna með það að markmiði að kveða á um eftirlit Persónuverndar með framangreindu ákvæði um persónuvernd barna. Fyrir misritun var þar vísað til 4. mgr. en ekki 6. mgr. Ráðuneytið leggur því eftirfarandi leiðréttingu á ákvæðinu: „Persónuvernd hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða 6. mgr. 28. gr.“

Um 4. gr.

Þar sem áætlað er að endurskoðun ákvæða um stuðning til einkarekinna fjölmiðla verði lokið í upphafi sumars og frumvarp lagt fram á haustþingi er gildistími kaflans einungis ákvarðaður eitt ár.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.